

Reglur um ábendingar í gegnum vef

1. gr.

Reglur þessar gilda um með hvaða hætti notendur geta komið ábendingum á framfæri í gegnum vef Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV), svo sem vegna fréttá- og dagskrárefnis, og eru settar í samræmi við fyrirmæli kafla 2.4 í þjónustusamningi milli RÚV og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016-2019, sbr. og 4. mgr. 2. gr. laga um RÚV, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013.

Reglur þessar teljast hluti af reglum um innra eftirlit og gæðamál RÚV.

2. gr.

Á heimasíðu RÚV skal vera að finna greinanlegt vefsvæði þar sem notendur geta komið formlegum ábendingum á framfæri til RÚV undir nafni, en þannig að ekki sé aðgengilegt almenningi. Sérstakur umsjónarmaður skal vera með vefsvæðinu í umboði útvarpsstjóra.

Þegar formleg ábending berst skal umsjónarmaður eins fljótt og auðið er leggja mat á hvort ábending sé þess eðlis að hún eigi undir siðareglur RÚV. Ef umsjónarmaður telur svo vera skal hann upplýsa hlutaðeigandi og veita jafnframt nauðsynlegar leiðbeiningar þannig að hlutaðeigandi geti nýtt sér viðeigandi úrræði.

Telji umsjónarmaður að ábending eigi ekki undir siðareglur, skal umsjónarmaður kynna ábendinguna þeim aðila innan RÚV sem ábendingin heyrir eftir efni og eðli sínu undir. Skal hlutaðeigandi afgreiða ábendinguna með skriflegu svari, enda sé ábendingin af því tagi að kalli á formleg viðbrögð. Skriflegt svar skal jafnan sent innan 14 daga frá því að erindi hefur borist.

3. gr.

Ef sá sem sendir inn ábendingu er ósáttur við afgreiðslu erindisins samkvæmt 3. mgr. 2. gr. skal honum heimilt að skjóta málinu til yfirmanns viðkomandi starfssviðs, svo sem fréttastjóra eða dagskrárstjóra viðkomandi miðils, sem skal afgreiða málskotið skriflega innan 14 daga. Að þeirri niðurstöðu fenginni skal viðkomandi, kjósi hann svo, heimilt að skjóta afgreiðslu málsins til útvarpsstjóra sem skal jafnan afgreiða málskotið skriflega innan fjögurra vikna. Telst sú afgreiðsla jafnframt endanleg af hálfu RÚV.

Hafi fréttastjóri eða dagskrárstjóri, eða aðili í viðlíka stöðu, afgreitt upphaflega ábendingu samkvæmt 3. mgr. 2. gr., er heimilt að skjóta þeirri niðurstöðu beint til útvarpsstjóra og fer þá um afgreiðslu útvarpsstjóra eftir sömu reglum og að ofan.

Umsjónarmaður vefsvæðis skal á öllum stigum leiðbeina hlutaðeigandi um málskotsheimildir.

4. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn RÚV þann 29. mars 2017 og öðlast þegar gildi.